



SKÝRSLA STJÓRNAR

Landssambands hestamannafélaga

Starfsárið 2016 - 2017

Aðalstjórn

Formaður: Lárus Ástmar Hannesson

Varaformaður: Jóna Dís Bragadóttir

Gjaldkeri: Ólafur Þórisson

Ritari: Helga B. Helgadóttir

Meðstjórnendur: Andrea Þorvaldsdóttir

Eyþór Gíslason

Haukur Baldvinsson

Varastjórn: Ingimar Ingimarsson

Magnús Benediktsson

S. Rúnar Bragason

Sóley Margeirsdóttir

Stefán G. Ármannsson



Stjórnarfundir

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 18 fundir. Fundargerðir allra funda stjórnar er að finna inn á vef sambandsins, <http://www.lhhestar.is/is/um-lh/fundargerdir/stjornarfundir-lh>. Auk fundanna var vinnuhelgi í Stykkishólmi þar sem lögð voru drög að starfsárinu.

Varamenn eru ávallt boðaðir á stjórnarfundum og hefur mæting stjórnarmanna á starfsárinu verið með ágætum. Í upphafi árs settum við saman starfsáætlun sem hefur staðiðst í öllum megin dráttum. Á komandi vikum munum við svo setja saman áætlun fyrir árið 2018. Eftirminnilegast var í fundarstarfi stjórnar þegar við funduðum á Skógarhólum.



Stjórnarmenn mættu með hesta og fengum við leiðsögn frá Einari Sæmundssen núverandi þjóðgarðsvörður um hluta þjóðgarðsins. Fulltrúar stjórnar hafa farið víða og heimsótt hestamenn. Viljum við nota þetta tækifæri og þakka gestrisni og benda á að við munum gjarnan koma í heimsókn til ykkar sé þess óskað.

Skrifstofuhald LH

Skrifstofan er opin milli klukkan 10 – 14 alla virka daga. Á skrifstofunni vinna í fullu starfi Hilda Karen Garðarsdóttir verkefnastjóri og Hjörný Snorradóttir verkefnastjóri í 80% starfshlutfalli. Hún hóf störf í júní 2017, tók við að Þórdísi Önnu Gylfadóttur. Engin sumarstarfsmaður var ráðin að þessu sinni. Ekki hefur verið starfandi framkvæmdarstjóri fyrir LH þetta starfsár.

Nefndir LH

Unnið er fjölbreytt og gott starf í níu nefndum á vegum LH. Fundaraðstaða á skrifstofu LH og fundarsalir hjá ÍSÍ eru mikið nýttir undir nefndarfundi. Nefndirnar hafa einnig talsvert notast við fjarfundarbúnað og mun það væntanlega aukast. Ný nefn hefur hafið störf laganefnd sem hefur nú þegar sannað gildi sitt.

Heimasíða

Heimasíða LH hefur verið í stöðugri þróun en þar má alltaf betur gera. Stjórnin hefur sett í farveg að endurvinnna síðuna með það að leiðarljósi að hún verði aðgengilegri fyrir snjalltæki nútímans. Heimasíðan þarf áfram að vera vakandi og miðla upplýsingum til félagsmanna LH eins og best verður á kosið og annara sem áhuga hafa á hestamennsku. Hún þarf að vera full af fróðleik og sögu. Til þess að svo geti orðið þurfa félögin einnig að miðla til hennar upplýsingum um það starf sem þau eru með í gangi á hverjum tíma. Upplýsingar sem settar eru inn á síðu LH og varða LM koma líka inn á síðu LM og Facebook síðu LM.

Skógarhólar

Vel hefur gengið að bæta aðstöðu á Skógarhólum auk þess sem reksturinn er á réttri leið.



Næstu skref til að bæta aðstöðuna enn fremur er að gera áætlun um uppbyggingu og ákveða hversu mikið fjármagn á að fara í uppbygginguna. Stjórnin hefur notið starfskrafta Bergdísar Finnbogadóttur og Árna Guðmundssonar en þau hafa verið staðarhaldarar á Skógarhólum undanfarin tvö ár.



Hugmyndir hafa verið uppi um að taka saman sögu Skógarhóla í máli og myndum. Sagan yrði svo á aðgengilegu og skemmtilegu formi á Skógarhólum.

Samstarf við BÍ og myndbönd á WorldFeng

Samstarf LH við BÍ um að setja myndefni frá landsmótum o.fl. hefur verið með ágætum og hafa verið tekin nokkur skref áfram með það verkefni. Nú eru komin inná vefinn landsmótin 2012-2014 og 2016. LM gerði kaupsamning við FM 2017 sem haldið var í Borgarnesi um kaup á upptökum á kynbótahrossum mótsins og verða þau kominn inná WF fyrir áramót.

Mjög stórt skref var tekið þegar LM náði samkomu lagi við Svein M Sveinsson framkvæmdastjóra Plúsfilm um kaup á upptökum frá landsmótunum 2000-2002-2004-2006 og 2008. Afar mikilvægt var að ná þessu samkomulagi og viljum við þakka Sveini samstarfið og hans starf fyrir samtökin. Auk þess að hafa verið lykilmáður í upptökum á íslenska hestinum í áratugi hefur Sveinn verðveitt fyrir okkur upptök af landsmótum sem LH á. Þetta efni verður sett inná WF eins hratt og auðið er. Við viljum hvetja okkur öll til að segja frá þessum möguleika og hjálpast að við að auka sölu á áskriftum að efninu.

Þjálfarastig LH

Landsamband Hestamanna, Háskólinn á Hólum og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands unnu á árinu að því að gera námsskrá fyrir þjálfaramenntun hestamanna sem er sambærileg við þjálfarastig innan annarra sérgreinasambanda ÍSÍ. Því verki er nú lokið og hafa grunndrög að 5 stiga menntakerfi verið samþykkt innan menntanefndar LH og þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ. Þetta er afar spennandi samvinnuverkefni sem gefur ungu fólki tækifæri til að mennta sig sem þjálfarar (hestar og menn eftir áhvaða stigi þeir eru) og verður LH fyrsta aðildafélag ÍSÍ sem klárar námsskrá fyrir öll fimm stig þjálfaramenntunnar. Meginforsenda þess að þetta gekk svona hratt og vel fyrir sig var að allt námsefnið sem LH setti inn sem sérgreinanámsefni er áður samþykkt af ráðuneyti menntamála innan námsskrár á framhalds- og háskólastiginu. Fyrstu þrjú stigin tengjast Knapamerkjakerfinu sem er afar vel skilgreint hvað varðar námsefni, fjölda

kennslustunda og prófkröfur. Varðandi stig 4 og 5 þá var mikilvægt fyrir framgöngu verkefnisins að hestamenn skuli hafa sérmenntun sína við Háskólann á Hólum og líklega forsenda þess að geta sett upp námsskrá fyrir stig 4 og 5 þarsem ÍSÍ gerir kröfu um að þjálfaramenntun á þeim stigum sé kennd á háskólastigi. Næstu mánuði verður unnið nánar að því að útfæra fyrirkomulag kennslu, útgáfu skirteina og utanumhalds utanum þjálfarastig LH í samvinnu við Háskólann á Hólum og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.

Menntaráðstefna FEIF

Landsamband Hestamannafélaga tók að sér að halda menntaráðstefnu fyrir FEIF 2018. LH óskaði eftir því að Háskólinn á Hólum myndi hýsa ráðstefnuna og var það sjálfsgagt og verður Sveinn Ragnarsson, deildarstjóri hestafræðideildar og nefndarmaður í fræðslunefnd Feif, faglegur umsjónarmaður ráðstefnunnar en fleiri starfsmenn Hólaskóla munu koma að ráðstefnunni auk þriggja til fjögurra annara utanaðkomandi fyrirlesara. Ráðstefnan mun snúast um menntamál auk tengslavið þjálfun og þjálfunaraðferðir. Vinnutitill ráðstefnunnar er: *Teaching to teach, A systematic approach to education of teachers, trainers and andhorses*. Ráðstefnan verður haldin 23-25 mars 2018 og búist er við að milli 50-70 manns mæti, þar af helmingur erlendir gestir.

Sportfengur

Tölvunefndin hefur verið að vinna að nýjum Sportfeng í samstarfi við tölvudeild Worldfengs. Staðan er sú að nýr Sportfengur var tekinn í notkun í september. Hann er nothæfur og virkar í flestum aðalatriðum en þó eru nokkur verkefni eftir sem nú er unnið hörðum höndum að því að klára. Reiknað er með að hugbúnaðurinn verði tilbúinn að öllu leiti þegar næsta keppnistímabil hefst. Alltaf verður þó að reikna með að einhverjir hnökror komi ekki í ljós fyrr en kerfið er komið í fulla notkun. Bregðast þarf við slíku þegar upp kemur og gera lagfæringar. Auk þess þarf að halda áfram að þróa og bæta hugbúnaðinn svo hann nýtist okkur sem allra best.

Nokkur undirbúningsvinna hefur verið unnið varðandi app sem mun gagnast áhorfendum,

keppendum og öðrum til að fylgjast með því sem fram fer í keppni á vegum LH og félaga þess. Nú þurfum við að finna hentugan samstarfsaðila til að framleiða appið samkvæmt okkar óskum.

Samstarf LH við Háskólann í Reykjavík

LH og Háskólinn í Reykjavík (HR) hafa undirritað samstarfssamning þar sem LH skuldbindur sig til að veita meistaranema við HR í íþróttavísindum og þjálfun námsstyrk til tveggja ára.



Margt þarf til að landslið og afrekshópar nái árangri. Íþróttamaður þarf að hafa andlegan og líkamlegan styrk sem gagnast í keppni. Til að greina þessa þætti er hægt að nýta sér mælingar og tölfraðilega úrvinnslu gagna og framkvæma frammistöðumat. Nemandinn Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir skuldbindur sig til að gera yfirgripsmikla rannsókn er tengist mælingum á líkamlegri getu, hreyfifærni og sálfræðilegum þáttum afrekshóps LH. Rannsóknin verður hluti af meistaratígerð til MSc gráðu í íþróttavísindum og þjálfun. HR hefur einnig hafið samstarf við önnur sérsambönd á borð við KSÍ, HSÍ, GSÍ og KKÍ.

Afrekshópur LH 2017

Umsjónarmaður afrekshópsins er Páll Bragi Hólmarsson og telur hópurinn um 20 ungmenni af öllu landinu sem hafa öll náð góðum árangri í keppni og vilja bæta enn frekar við sig.



Fyrsta námskeiðið á árinu var haldið í Hestheimum 18.-19.febrúar. Kennarar voru þau Olil Amble og Þórarinn Eymundsson. Sigurður Torfi járningameistari skoðaði allar járningar hjá krökkunum og leiðbeindi þeim með járningar. Hann var svo með fyrirlestur um járningar keppnishesta. Guðmundur Björgvinsson hélt einnig fyrirlestur sem bar yfirskriftina Hvað er að vera í landsliði.

Annað námskeiðið var haldið á Selfossi 8.-9. apríl í reiðhöll Sleipnis. Kennarar voru Olil Amble og Þórarinn Eymundsson. Einnig hélt Halldór Þorbjörnsson fyrirlestur um sína upplifun af því að hafa verið í afrekshópnum og í landsliðinu á Norðurlandamóti. Reidtímarnir voru teknir upp á myndband og skoðaðir í bóklegum tíma.

Þriðja námskeiðið var haldið 25. maí á hringvelli Sprettara. Kennari var Þórarinn Eymundsson, Ingólfur Þorvaldsson dæmdi sýningar á velli og útskýrði svo tölur í bóklegum tíma.

Fjórða námskeiðið verður haldið dagana 3.-5. nóvember á Hólum. Þar verða kennarar þau Þórarinn Eymundsson, Anton Páll Niélsson, Inga María og Þorsteinn Björnsson. Á Hólum fáum við skólahesta fyrir alla eins og í fyrra og verður meðal annars farið í skeiðþjálfun, yfirlínu uppbyggingu, tilgang fimiæfinga, jafnvægisæfingar knapa, hugarfar knapa og fleira.

Afrekshópurinn er eitthvað sem við eigum virkilega að hlúa að til framtíðar og við erum sannfærð um að við getum gert enn betur. Nú er nauðsynlegt að líta yfir þessi tvö ár sem eru liðin og skipuleggja vel hvernig við viljum halda utan um þetta verkefni til framtíðar.



Ráðstefna um keppnismál

LH stóð fyrir fundi um keppnistímabilið ásamt FT. Fundurinn var haldinn í húsakynnum ÍSÍ og var ágætlega mætt. Fundurinn var einnig sendur beint út og voru mjög margir sem sáu hann. Frummælaendur voru frá HÍDÍ, GDLH, fulltrúi knapa, keppnisnefnd LH, FT, LH og RMST. Málefnalegar umræður fóru fram og haldið verður áfram með þá vinnu sem út úr fundinum kom.

Málþing um úrbætur í reiðvegamállum

LH stóð fyrir málþingi um úrbætur í reiðvegamállum.



Fjöldi frummælenda var á þinginu og mjög áhugaverðar umræður sköpuðust. Fundurinn samþykkti ályktun sem send verður á næstu ríkisstjórn, þar sem meðal annars er skorað á stjórnvöld að úthluta meira fjármagni til reiðvega. Skipaður var starfshópur til að fylgja ályktuninni eftir og að skoða sjóði sem hægt er að sækja um í.

Rekstur LH

Rekstur Landssambandsins gengur ágætlega. Eigið fé var orðið það gott að greiddar voru upp skuldir Landsmóts ehf. Ekki er útlit fyrir annað en að rekstur 2017 verði með ágætum.

HM í Oirschot í Hollandi

LH sendi öflugt landslið út á HM í Oirschot 2017. Var allur undirbúningur og skipulag vandaður eins kostur var. Stóð liðið sig vel og vakti það sérstaka athygli og aðdáun hversu landsliðshópurinn stóð vel saman og tókust af vandvirkni á við verkefnið.

Árangur Íslenska liðsins var með ágætum og óskum við landsliðsmönnum og þeim sem komu að vinnunni til hamingju með árangurinn.

Mjög öflug landsliðsnefnd sá til þess að fjármögnun verkefnisins gekk mjög vel.

Mótið var mótshöldurum til mikils sóma í flestum atriðum.

Íslandsmótin

Íslandsmót fullorðina 2017 var haldið á Rangárbökkum af Geysi. Mótið gekk mjög vel og þökkum við mótshöldurum fyrir gott skipulag og aðbúnað.

Íslandsmót barna og unglunga var haldið af Skagfirðingi að Hólum í Hjaltadal. Mótið var vel sótt og gekk vel. Stjórn LH þakkar mótshöldurum fyrir vel unnið mót.

Íslandsmótin 2018 verða haldin saman hjá hestamannafélagin Spretti.

LH-TV

LH er í samstarfi við Oz.com um að streyma frá mótum og viðburðum í gegnum LH-TV. Enn er verið að móta stefnu í því samstarfi en núverandi fyrirkomulag er á þann veg að mótshaldarar hafa samband við skrifstofu LH sem tengir þá við Oz.com. Mótshaldari semur við upptökufyrirtæki og leggur út fyrir þeim kostnaði. Mótshaldarar geta sett auglýsingar á streymið. Hlutverk Oz.com er að streyma myndefninu í gegnum LH-TV og innheimta streymisgjaldið. Oz tekur 30% af keyptu streymi og mótshaldarar 70% auk þess að eiga myndefnið og geta selt úr því eftir mótið.

Landsmót

Það er ljóst að vel er unnið að landsmótinu sem haldið verður hjá Fákí í Víðidal dagana 1. – 8. Júlí. Samstarf LH/LM við mótshaldara er með ágætum og er fulltrúi stjórnar LH/LM í mótsstjórn Haukur Baldvinsson. Það er von okkar að við hestamenn fjölmönnum á mótið og njótum samvasta við hestafókl og berjum okkar afrekshesta augum.

7 júlí 2017 var skrifað undir samning við Rangárbakka vegna landsmótsins 2020



Fyrirhugað er að klára samninga við Hestamannafélagið Sprett vegna landsmóts 2022. Einhugur var í stjórn um að breyta rekstrarformi mótanna þannig að mótshaldarar taka við rekstrinum en greiða LM þóknun fyrir. Samningarnir fyrir mótin 2018- 2020 og 2022 eru með því formi.

Framkvæmdartjóri Landsmóts 2016 er búin að skila skýrslu og Hólar hafa sýnt fram á að svæðið sé gott til landsmótshalds.

Auk þess má nefna að gerð var yfirgripsmikil rannsókn á Landsmótinu á Hólum. Það er samstarfsverkefni Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum og Landsmóts hestamanna ehf. Verkefnisstjóri rannsóknarinnar er Ingibjörg Sigurðardóttir. Rannsóknahópurinn skipaði fólk frá Bretlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Þetta er viðamesta viðburðarannsókn sem fram hefur farið hérlandis. Markmið rannsóknarinnar er 1. Að afla upplýsinga um væntingar og upplifun hagsmunaaðila s.s. gesta, heimamanna, keppenda og sjálfboðaliða 2. Afla upplýsinga um efnahagslegt mikilvægi viðburðarins og hvernig hægt er að nýta hann til að styðja við nýsköpun og atvinnuþróun í hestamennsku á Íslandi. 3. Leggja grunn að frekari stefnumótun viðburðarins til framtíðar með áherslu á ímynd, markaðssetningu, mismunandi markhópa og samspil hesta, manna og aðstöðu. 4. Efla rannsóknir í viðburðastjórnun við Háskólann á Hólum og Landsmót hestamanna sem viðburð.

Léttir býður heim / landsþing 2018

Landsþing Landssambandsins 2018 verður haldið dagana 12-14. Á Akureyri. Léttir á einmitt 90 ára afmæli næsta haust.

Lokaorð

Það er ljóst að mikið hefur verið unnið þetta starfsár sem mun efla okkar starf. Sérstaklega ber að fagna stórum skrefum sem tekin hafa verið í menntamálum í samstarfi við Hólaskóla.

Verkefnum LH má skipta í tvo flokka. Annarsvegar er um föst verkefni að ræða, almennan rekstur og þjónustu að ræða og hinsvegar ný verkefni og þróun. Það er ljóst að reksturinn gengur vel og áfram þarf að vinna í þá átt þar sem góður rekstur er undirstaða starfsins okkar.

Stjórn Landssambands hestamannafélaga þakkar ánægjulegt samstarf á árinu með von um að við stígum áfram saman til framtíðar með sérstaka áherslu á unga fólk. Við skulum hjálpast að við að koma greininni okkar inni skólana því þar liggja möguleikarnir á nýliðun.

Fyrir hönd stjórnar LH,

Lárus Ástmar Hannesson